



Grundarfjarðarbær

Gjaldskrá vegna skólamálsverða í Grunnskóla Grundarfjarðar

Gildir frá 1. janúar 2021

1. gr.

Í grunnskólanum eiga nemendur kost á málsverði í hádeginu, fimm daga í viku, mánudag til föstudags í samræmi við opinber manneldismarkmið. Maturinn er eldaður í eldhúsi leikskólans. Hægt er að velja milli þess að vera í áskrift mánudaga-fimmtudaga eða mánudaga-föstudaga.

2. gr.

Eingöngu er hægt að vera í fullri áskrift og er fast mánaðargjald **6.355 kr.** fyrir fjóra daga í viku, en **7.821 kr.** fyrir fimm daga í viku, mánuðina september-maí. Verð á hverri máltíð er **420 kr.** í fullri áskrift. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda, nema þau vari lengur en eina viku samfellt.

Gjald fyrir ávaxtaáskrift er **1.500 kr.** á mánuði (breytt 4. september 2020).

3. gr.

Skráning í mat er hjá skólaritara. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðamót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn 10. desember 2020.

Grundarfirði, 10. desember 2020

*Björg Ágústsdóttir
bæjarstjóri*